

**141. löggjafarþing 2012–2013.**  
**Þingskjal 651 — 376. mál.**

## Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur  
um atvinnuleysisbætur og atvinnuleitendur.

1. *Hvað hefur mörgum verið synjað um atvinnuleysisbætur frá 2008, sundurliðað eftir árum, kyni og aldri?*

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hefur 8.750 atvinnuleitendum verið synjað um greiðslu atvinnuleysisstrygginga frá árinu 2008, sbr. töflu.

	25 ára og yngri		25–40 ára		40–55 ára		55 ára og eldri		Samtals
	<i>karlar</i>	<i>konur</i>	<i>karlar</i>	<i>konur</i>	<i>karlar</i>	<i>konur</i>	<i>karlar</i>	<i>konur</i>	
2008	239	178	193	276	95	119	74	59	1.233
2009	380	284	401	373	210	141	102	51	1.942
2010	258	231	482	417	341	185	206	114	2.234
2011	316	242	351	324	171	128	91	44	1.667
jan–nóv 2012	274	209	357	352	143	149	109	81	1.674

Heimild: Vinnumálastofnun.

2. *Hverjar eru helstu ástæður þess að atvinnuleitendum er synjað um atvinnuleysisbætur?*

Helsta ástæða þess að atvinnuleitendum hefur verið synjað um greiðslu atvinnuleysisstrygginga er að viðkomandi einstaklingar uppfylla ekki skilyrði um ávinnslutímabil samkvæmt lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, og hafa því ekki áunnið sér rétt innan atvinnuleysisstryggingakerfisins með þátttöku á vinnumarkaði.

3. *Hvað hafa margir nýtt sér úrræði um nám á atvinnuleysisbótum?*

Í eftirfarandi töflu má sjá tölur er sýna þátttöku atvinnuleitenda í námsúrræðum frá árinu 2008 og eru upplýsingarnar greindar eftir aldri og kyni viðkomandi atvinnuleitenda.

	<i>Allir</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>16–29</i>	<i>30–39</i>	<i>40–49</i>	<i>50</i>
2008	6	0	6	5	1	0	0
2009	1.503	688	815	729	435	202	137
2010	1.465	655	810	741	372	195	157
2011	1.429	575	854	699	348	219	163
jan–okt 2012	1.050	350	700	418	328	154	150

Heimild: Vinnumálastofnun.

Þá tóku yfir 900 atvinnuleitendur þátt í sérstöku námsátaki, *Nám er vinnandi vegur*, haustið 2011 auk þess sem yfir 200 atvinnuleitendur tóku þátt í sambærilegu átaki haustið 2012, sbr. töflu.

	<i>Allir</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>16–29</i>	<i>30–39</i>	<i>40–49</i>	<i>50</i>
2011	939	441	498	575	238	86	40
jan–okt 2012	216	94	122	140	43	17	16

Heimild: Vinnumálastofnun.

4. *Hvað hafa margir nýtt sér úrræði um atvinnu með atvinnuleysisbótum? Hve margir þeirra nýta úrræðið í nýsköpunarfyrirtækjum?*

Á árunum 2009–2011 stóð Vinnumálastofnun að gerð samninga við yfir 1.000 atvinnuleitendur um starfsþjálfun, reynsluráðningu eða þátttöku í sérstökum átaksverkefnum. Við gerð þeirra samninga samþykktu viðkomandi atvinnuleitendur að Vinnumálastofnun greiddi grunnatvinnuleysisbætur þeirra ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til hlutadeigandi fyrirtækja eða stofnana sem greiddu þeim laun. Haustið 2011 var lögum um atvinnuleysis-tryggingar breytt þannig að Vinnumálastofnun greiðir til fyrirtækjanna eða stofnananna ígildi grunnatvinnuleysisbóta hlutadeigandi en gildistími sammingsins telst ekki hluti bóatímabils skv. 29. gr. laga um atvinnuleisistryggingar. Á vormánuðum 2012 var ráðist í sérstakt átaksverkefni sem bar yfirskriftina „Vinnandi vegur“ í samvinnu stjórnvalda, sveitarfélaga og samtaka aðila vinnumarkaðarins þar sem gerðir voru um 1.400 samningar um starfsþjálfun.

Í töflunni má sjá hvernig fjöldi þeirra atvinnuleitenda sem hefur nýtt sér þátttöku í slíkum úrræðum skiptist á milli starfsþjálfunar, reynsluráðningar og sérstakra átaksverkefna annars vegar og starfa hjá nýsköpunarfyrirtækjum hins vegar.

<b>Starfsþjálfun, „Vinnandi vegur“, reynsluráðning og sérstök átaksverkefni.</b>							
	<i>Allir</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>16–29</i>	<i>30–39</i>	<i>40–49</i>	<i>50</i>
2008	82	47	35	34	15	14	19
2009	1.062	682	380	461	239	170	192
2010	1.331	857	474	528	317	210	276
2011	1.120	664	456	381	325	189	225
jan–okt 2012	1.987	1.199	788	606	562	324	495
<b>Starf hjá nýsköpunarfyrirtækjum (Starfsorka).</b>							
	<i>Allir</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>16–29</i>	<i>30–39</i>	<i>40–49</i>	<i>50</i>
2008	0	0	0	0	0	0	0
2009	87	59	28	23	35	21	8
2010	136	84	52	34	53	34	15
2011	87	48	39	18	39	21	9
jan–okt 2012	57	32	25	12	24	11	10

Heimild: Vinnumálastofnun.